



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Staðfesting umsýslu- og veðgæsluaðila

Gróska ehf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði sem byggir á umsömdu verklagi

Vísað er til umsýslu og veðgæslusamnings, dags. 9. maí 2022, milli Grósku ehf., sem lántaka, veðhafa og KPMG ehf., sem umsýslu- veðgæsluaðila f.h. veðhafa („**Umsýslu- og veðgæslusamningurinn**“).

Samkvæmt ákvæði greinar 6.1. d) í Umsýslu- og veðgæslusamningnum er kveðið á um að veðgæsluaðilinn, þ.e. KPMG ehf., útbúi staðfestingu þessa á sex mánaða fresti. Þau hugtök sem notuð eru í staðfestingu þessari og ekki eru sérstaklega skilgreind skulu hafa þá merkingu sem kveðið er á um í Umsýslu- og veðgæslusamningnum.

Með hliðsjón af ákvæði greinar 6.1. d) í Umsýslu- og veðgæslusamningnum staðfestir veðgæsluaðili hér með að hafa sannreynt að útreikningur lántaka á fjárhagslegum skilyrðum samkvæmt fjármögnunarskjölunum sé innan þeirra marka sem kveðið er á um miðað við þann 31. desember 2025.

1. Útreiknað veðhlutfall miðað við prófunardagsetninguna 31. desember 2025 er 31,5% en skv. viðauka við útgáfulýsingu skal hlutfallið ekki vera hærra en 85% á 1. veðrétti og
2. vaxtaþekja nemur 3,13 en skv. fyrrnefndum viðauka skal hún ekki vera lægri en 1,5 m.v. sömu dagsetningu.

Jafnframt staðfestir umsýslu- og veðgæsluaðili að sér sé ekki kunnugt um að vanefndatilvik samkvæmt fjármögnunarskjölunum hafi komið upp í starfsemi lántaka á því tímabili sem skýrslan tekur til.

Afrit staðfestingarinnar er sent skuldabréfaeigendum í gegnum kerfi Nasdaq CSD SE, útibú á Íslandi.

Reykjavík, 3. mars 2026

Fyrir hönd umsýslu- og veðgæsluaðila
KPMG ehf.